



# Framkvæmda- fréttir 15. tbl. /06



Hringvegur (1), Gilsá. Vegagerðin kynnir væntanlega vegagerð um Arnórstaðamúla. Sjá bls. 4-5.

## Auglýsingar útboða

### Seyðisfjarðarvegur (93), um Miðhúsaá 06-003

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbyggingu á 0,6 km kafla Seyðisfjarðarvegur (93) um Miðhúsaá. Um er að ræða niðurrif núverandi brúar og byggingu 62 m langs stálplöturæsis í hennar stað.

Helstu magntölur eru:

Fylling	35.700 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	7.500 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	3.700 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	1.000 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	4.500 m <sup>2</sup>

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2006.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsa-vegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánu-eginum 22. maí 2006. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 6. júní 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Snæfellsnesvegur (54), um Gríshólsá 06-014

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbyggingu u.þ.b. 1,5 km kafla Snæfellsnesvegur (54) um Gríshólsá auk tengingar við Stykkishólmsveg (58) og Helgafellssveitarveg (517). Í Gríshólsá verður byggt um 45 m langt stál-bogaræsi með steiptum sökkklum.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	17.000 m <sup>3</sup>
Burðarlag	4.600 m <sup>3</sup>
Frágangur fláa og gamals vegar	34.000 m <sup>2</sup>
Tvöföld klæðing	6.300 m <sup>2</sup>
Steinsteypa	45 m <sup>3</sup>
Járnalögn	5.200 kg

Verki skal að fullu lokið fyrir 15. júlí 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði, Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánu-eginum 22. maí 2006. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 6. júní 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.


## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 15. tbl. 14. árg. nr. 436 22. maí 2006

Ritsjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin  
Framkvæmdafréttir  
Borgartúni 7  
105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaeftir sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.







## Pverárfjallsvegur (744)

Í síðasta tölublaði Framkvæmdafrétta var auglýst útboð á endurbyggingu Pverárfjallsvegur (744) frá Hestgili sunnan vegamóta við Skagaveg (745) um Laxárdalsheiði og Gönguskörð að Sauðárkróki. Lengd útboðskaflans er um 12,4 km. Innifalið í verkinu er m.a. lögn á 67 m löngu stálplöturæsi með steiptum endastykkjum í Kallá og gerð hringtorgs á mót-um nýja Pverárfjallsvegur og Skarðeyrar.

Verið er að ljúka við hönnun á nýrri brú yfir ósa Gönguskarðsár og verður hún sjálfstæð framkvæmd. Brúargerð á að vera lokið 1. ágúst 2007.

Eftir þessa framkvæmd eru enn u.þ.b. 3,4 km af malarvegi á Pverárfjallsvegi milli Húnaflóa og Skagafjarðar sem eftir er að endurbyggja.

Þessu verki á að vera að fullu lokið 1. ágúst 2008.



## Hringvegur (1), Ármótasel – Skjöldólfstaðir 2

Vegagerðin hefur gert kynningarskýrslu vegna vegagerðar frá enda Háreksstaðarleiðar norðan við Víðidalsá og niður að Skjöldólfstöðum 2 í Jökuldal. Skýrsluna má sjá í heild á vef Vegagerðarinnar [vegagerdin.is](http://vegagerdin.is) undir „útgefið efni“. Hér á eftir fer stuttur útdráttur úr fyrstu köflum skýrslunnar.

### Almennt

Framkvæmdasvæðið er á Hringvegi (1) um 53 km frá Egilsstöðum. Veglína mun færast talsvert til á þessum kafla og liggja norðan við Gilsá frá Ármótaseli og niður að Skjöldólfstöðum 2 í Jökuldal.

Framkvæmdasvæðið nær yfir 8,0 km langan kafla og liggur um lönd Gilsár, Skjöldólfstaða 1 og 2 og Arnórsstaða 1 og 2. Áætlað er að framkvæmdir hefjist sumarið 2006 og stefnt er að því að þeim ljúki árið 2007.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi ekki umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið en að með henni muni umferðar-

öryggi aukast á þessum kafla. Vegalengdin milli Akureyrar og Egilsstaða mun styttest um 1,5 km auk þess sem langhalli vegar verður verulega minni og beygjur rýmri á nýja veginum. Á þessum kafla eru nú hættulegar brattar brekkur og krappar beygjur. Þetta er síðasti hluti leiðarinnar sem er án bundins slitlags.

### Markmið framkvæmdar

Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi á Hringvegi milli Akureyrar og Egilsstaða og tryggja greiðari samgöngur. Vegurinn verður 7,5 m breiður með 6,5 m breiðri akbraut og bundnu slitlagi. Vegurinn er breikkaður um 0,75 m þar sem vegrið eru sett. Hönnunarhraði verður 90 km/klst.

### Valkostir

Skoðaðir voru tveir megin kostir við leiðarval. Annarsvegar niður Arnórsstaðamúla á svipuðum stað og núverandi leið liggur, en þó aðeins nær Gilsá og með minni bratta. Á þeirri leið þarf að setja krappa hárnálabeygju, ekki ósvipað því sem nú er. Farið er yfir Gilsá rétt ofan við núverandi brú, en þó er gert ráð fyrir að núverandi einbreið brú verði notuð áfram fyrst um sinn. Byggja þarf nýja tvíbreiða brú yfir Gilsá innan fárra ára verði þessi leið farin. Hringvegur lengist um 0,7 km á þessari leið.

Seinni kosturinn er ný veglína norðan við Gilsá, undir Skjöldólfstaðahnjúk. Þessi leið er vegtæknilega miklu betri þar sem engar krappar beygjur eru á henni og bratti er mun minni en ef farið yrði um Arnórsstaðamúla. Þessi leið er 1,5 km styttri en núverandi leið um Arnórsstaðamúla og mun ódýrari þar sem ekki þarf að byggja nýja brú yfir Gilsá. Ókostur við þessa leið er að farið er yfir óraskað gróið land. Einnig er viss snjóflóðahætta úr Skjöldólfstaðahnjúk en hún er þó álitin vera lítil.

Vegagerðin telur leiðina norðan við Gilsá mun vænlegri kost heldur en um Arnórsstaðamúla.

### Mat á umhverfisáhrifum

Kanna þarf matsskyldu framkvæmdarinnar vegna minja á vegsvæði. Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst og haft samráð við ýmsa aðila.

## Auglýsingar útboða

### Vestfjarðavegur (60), Arnarfjörður – Dýrafjörður, borun rannsóknarhola 06-056

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í borun rannsóknarhola til rannsóknar á aðstæðum við munna fyrirhugaðra jarðganga á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

Helstu magntölur eru:

Kjarnaborun . . . . . 420 m

Borun í laust efni með fóðrun . . . . . 100 m

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. október 2006.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 22. maí 2006. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 6. júní 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.







## Veigastaðavegur (828), Hringvegur – Eyjafjarðarbraut eystri

Í síðasta tölublaði Framkvæmdafrétta var auglýst útboð á endurbyggingu 3,6 km Veigastaðavegar (828) og 0,3 km Leifstaðavegar (8210) ásamt klæðingu.

Veigastaðavegur liggur um neðsta hluta vesturhlíðar Vaðlaheiðar, gegnt Akureyri. Að miklu leiti er þetta gamli Norðurlandsvegurinn sem áður fyrr lá upp á Vaðlaheiði. Staðsetning

er sýnd á loftmyndinni hér ofan og afstaða er sýnd á kortinu. Þessu verki á að vera að fullu lokið 15. september 2006.

## Auglýsingar útboða

### Vetrarþjónusta, Guðlaugsvík – Hólmavík – Reykjanes 2006 - 2009

06-055

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í snjómokstur með vörubífreidum ásamt stjórnun og eftirliti með snjómokstri, innan ramma marksamnings, á leiðinni:

1) Djúpvvegur og Vatnsfjarðarvegur á leiðinni Guðlaugsvík - Hólmavík - Reykjanes.

Helstu magntölur (miðast við eitt ár) eru:

Vörubílar í snjómokstri og hálkuvörn 30.000 km

Verktími er frá 1. október 2006 til og með 31. maí 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 22. maí 2006. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 6. júní 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



**Vetrarþjónusta  
Guðlaugsvík - Hólmavík -  
Reykjanes 2006-2009.  
Sjá auglýsingu hér til vinstri.**

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeilda. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
06-057 Pverárfjallsvegur (744), brú á Gönguskarðsá	06
06-048 Vestfjarðavegur (60) í Kollafirði	06
06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata	06
06-030 Útnesvegur (574), Háahraun - Hella	06
06-029 Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur	06
06-027 Snæfellsnesvegur (54) um Hítará	06
06-028 Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvegur	06
06-026 Skagafjarðarvegur (752), slitlagsendi - Lýtingsstaðir	06
06-024 Djúpvegur (61), Reykjanes - Hörtná	06
06-025 Hólavegur (767), Hólar - Hólalax	06
06-023 Auðkúluvegur (726) og Blöndudalsvegur (733)	06
06-022 Uxahryggjavegur (52) um Tröllháls	06
06-032 Yfirlagnir Norðvestursvæði, malbik, Hringvegur (1) í Leirársveit	06
06-033 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2006-2007, vesturhluti	06
06-020 Heggstaðanesvegur (702) og Þingeyravegur (721)	06
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	06
06-018 Víðidalsvegur (715), Hrappsstaðavegur - Dæli	06
06-015 Ferjubakkavegur (530) um Gufá	06
06-011 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði	06
06-010 Mólburður og styrkingar Norðaustursvæði	06
06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið	06
06-005 Hringvegur (1) um Vatnsdalsá	06
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	06
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	06
05-047 Hringvegur (1), Arnórstaðamúli	06
05-038 Garðskagavegur (45) um Sandgerði	06

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
06-056 Vestfjarðavegur (60), Arnarfjörður - Dýrafjörður, borun rannsóknarhola	22.06.06	06.06.06
06-055 Vetrarþjónusta, Guðlaugsvík - Hólmavík - Reykjanes, 2006-2009	22.06.06	06.06.06
06-034 Efnisvinnsla Norðvestursvæði 2006-2007, norðurhluti	22.06.06	06.06.06
06-014 Snæfellsnesvegur (54) um Gríshólsá	22.06.06	06.06.06
06-003 Seyðisfjarðarvegur (93) um Miðhúsaá	22.06.06	06.06.06
06-054 Hringvegur (1), Ullarnesbrekka undirgöng	15.05.06	30.05.06
04-072 Garðskagavegur (45) um Stafnes og Ósabatna	15.05.06	30.05.06
05-046 Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri	15.05.06	30.05.06
06-050 Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg, hönnun	15.05.06	30.05.06
06-051 Hringvegur (1) – Hafravatnsvegur (431), stefnugreind gatnamót	15.05.06	30.05.06

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
06-053 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2006, „repave“	08.05.06	23.05.06
06-052 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2006, malbik	08.05.06	23.05.06
06-019 Melasveitarvegur (505) um Súlunes	15.05.06	30.05.06
06-016 Pverárfjallsvegur (744), Skagavegur - Sauðárkrókur, 1. áfangi	15.05.06	30.05.06
06-037 Vetrarþjónusta, Brú - Blönduós 2006-2009	15.05.06	30.05.06
06-040 Vetrarþjónusta, Þingeyri - Flateyri - Suðureyri, 2006-2009	15.05.06	30.05.06
<b>Útboð á samningaborði</b>		
06-044 Vetrarþjónusta, Mýrar og Norðurárdalur 2006-2009	10.04.06	02.05.06
06-049 Þykkvabæjarvegur (25) og Árbæjarvegur (271)	24.04.06	09.05.06
06-047 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2006, norðurhluti	24.04.06	09.05.06
06-043 Vetrarþjónusta, Brattabrekka 2006-2009	10.04.06	02.05.06
06-013 Hvanneyrarvegur (511), hringtorg	03.04.06	25.04.06
04-006 Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði	20.03.06	25.04.06
06-008 Efnisvinnsla Norðaustursvæði 2006	03.04.06	18.04.06
06-041 Yfirborðsmerkingar á Suðvestursvæði og Hringvegi (1) að Selfossi, 2006-2008	27.03.06	11.04.06
05-035 Héðinsfjarðargöng	10.10.05	21.03.06
05-064 Hringvegur (1), mismæg gatnamót við Nesbraut, eftirlit	20.02.06	07.03.06
<b>Samningum lokið</b>		
06-036 Hringvegur (1), Þorlákshafnarvegur - Hafravatnsvegur, hönnun <i>Línuhönnun hf.</i>	11.04.06	12.05.06
06-045 Niðurrekstrarstaurar á Norðvestursvæði 2006 <i>Magnús Óskarsson</i>	25.04.06	12.05.06

## Auglýsingar útboða

### Efnisvinnsla Norðvestursvæði, norðurhluti, 2006 - 2007

06-034 Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vinnslu steinefna í malarslitlag á Norðvestursvæði, norðurhluta, árin 2006 og 2007.

Helstu magntölur eru:

Árið 2006 malarslitlag. . . . . 16.000 m<sup>3</sup>

Árið 2007 malarslitlag. . . . . 13.000 m<sup>3</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. júlí 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 22. maí 2006. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 6. júní 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.